

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 10. janúar 2025

Mál nr. S-1313/2024:

Ákærvaldið

(Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Eric Asamoah

(Sunna Lind Höskuldsdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta var þingfest 3. júlí 2024 og dómtekið 6. desember sama ár. Málið höfðaði lögreglustjórinn á Suðurnesjum með ákæru útgefinni 16. maí 2024 á hendur ákærða, Eric Asamoah, fæddum [...], ríkisborgara [...], „fyrir skjalafals, með því að hafa föstudaginn 12. janúar 2024, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, framvísað í blekkingarskyni við lögreglu breytifölsuðu vegabréfi frá Gana nr. [...] á nafni Eric Asamoah, fd. [...], með gildistíma 16.06.2022 til 15.06.2032.“

Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins og til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að málsvarnarlaun verjanda hans verði greidd úr ríkissjóði.

I.

Málsatvik

Samkvæmt framlagðri frumskýrslu lögreglu, dagsettri 17. janúar 2024, hafði lögregla afskipti af ákærða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar við komu hans til landsins 12. janúar 2024 vegna gruns um að vegabréf sem hann framvísaði við lögreglu við það tækifæri væri breytifalsað. Um var að ræða ganverskt vegabréf nr. [...]. Var umrætt vegabréf tekið til rannsóknar af A skilríkjafræðingi á skilríkjarannsóknarstofu flugstöðvardeildar lögreglunnar á Suðurnesjum. Samkvæmt skýrslu hans um rannsókn á ganversku vegabréfi, dagsettri 14. janúar 2024, var umrætt vegabréf ánað ákærða,

útgáfustaður þess var tilgreindur Accra og gildistími þess frá 16. júní 2022 til 15. júní 2032. Niðurstaða rannsóknar á vegabréfinu var samkvæmt greindri skýrslu sú að það væri breytifalsað. Framhlið upplýsingasíðunnar væri fölsuð. Vegabréfið hefði verið rakið í sundur og saumað aftur saman. Í skýrslunni er tilgreint að þau atriði sem komið hafi fram við rannsókn á vegabréfinu og einkenni fölsun þess séu einkum að bakgrunnsprent á upplýsingasíðu vegabréfsins víki verulega í gæðum og áferð frá því öryggis prenti sem til staðar sé í ósviknum vegabréfum frá Gana, að ekkert vatnsmerki sé til staðar í upplýsingasíðu vegabréfsins, að átt hafi verið við bindisaum vegabréfsins, að útfylltar persónuupplýsingar séu ekki gerðar með bleki sem drekki í sig innrautt ljós líkt og skylt sé samkvæmt stöðlum og reglum um vegabréf, að eftirlíking sjónrænt breytilegs bleks víki í gæðum verulega frá því sem til staðar sé í ósviknum vegabréfum og loks að aðalmynd af handahafa viðkomandi vegabréfs á upplýsingasíðu þess sé ekki sú sama og aukamyndin auk þess sem svo virðist sem átt hafi verið við aðalmyndina.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 22. febrúar 2024 og er lögregluskýrsla sem hefur að geyma samantekt á framburði hans á meðal framlagðra gagna. Samkvæmt því sem þar kemur fram kvaðst hann aðspurður hafa fengið umrætt vegabréf á vegabréfaskrifstofu í Gana. Síðar í skýrslutökunni kvaðst hann hafa verið á Spáni þegar hann hafi fengið umrætt vegabréf afhent en verið í Gana áður og þá séð um allt. Vinur hans hafi svo farið til Gana og sótt vegabréfið fyrir hann. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvað umræddur vinur hans hét. Þá kvaðst hann hafa greitt 200 evrur fyrir vegabréfið enda væru vegabréf aldrei ókeypis. Loks kvaðst hann ekki hafa haft hugmynd um að vegabréfið væri falsað.

II.

Framburðir fyrir dómi

Ákærði kom fyrir dóminn í gegnum fjarfundarbúnað 21. ágúst 2023 og neitaði sök. Ákærði gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað við aðalmeðferð málsins og áréttaði þá afstöðu sína. Hann kvaðst ekki hafa vitað að það vegabréf sem hann hefði framvísað væri falsað og að hann hefði ekki notað það ef hann hefði vitað að svo væri. Þá kvaðst hann auk þess hafa framvísað dvalarleyfi sínu á Spáni. Aðspurður kvaðst hann hafa fengið umrætt vegabréf afhent á Spáni árið 2022. Vinur hans hefði komið með það til hans. Hann hefði sjálfur fyllt út alla pappíra en vinur hans hefði farið í frí til Gana og komið með það. Nánar aðspurður kvaðst hann hafa sótt um vegabréf í Gana árið 2018 þegar hann hefði sjálfur verið þar staddur og að þetta vegabréf hefði verið gefið út á grundvelli sömu gagna. Enn frekar aðspurður kvaðst hann hafa sótt um vegabréf í

sendiráði Gana á Spáni árið 2017. Það hefði tekið langan tíma að fá það vegabréf afgreitt og það kostað 420 evrur. Það vegabréfi sem hér sé til umfjöllunar hefði hann hins vegar fengið afgreitt hraðar og það einungis kostað 200 evrur. Hann hefði látið vin sinn hafa 200 evrur. Vinur hans hefði sagt honum að hann gæti fengið vegabréf með þessum hætti.

Þá báru lögreglumaður nr. H1819 og A skilríkjafræðingur vitni fyrir dómi. Lögreglumaður nr. H1819 bar fyrir dómi að ákærði hefði framvísað ganversku vegabréfi. Aðspurt mundi vitnið ekki hvort ákærði hefði framvísað öðrum skilríkjum en vísaði í áður nefnda frumskýrslu sína vegna málsins í því sambandi. Þá staðfesti vitnið umrædda frumskýrslu. Vitnið A staðfesti áður nefnda skýrslu sína um rannsókn á ganversku vegabréfi auk þess sem hann svaraði spurningum um efni hennar. Vitnið bar að í umræddu vegabréfi hefði verið búið að skipta út fremra byrði upplýsingasíðu þess og setja aðra í staðinn sem ekki væri með réttum prentaðferðum auk þess sem öryggisatriði vantaði. Niðurstaða rannsóknar hans hefði því verið sú að umrætt vegabréf væri breytifalsað. Í því fælist að undir væri upprunalegt vegabréfi en búið væri að breyta hluta þess.

III.

Niðurstaða

Í máli þessu er ákærða gefið að sök skjalafals, með því að hafa föstudaginn 12. janúar 2024, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, framvísað í blekkingarskyni við lögreglu breytifölsuðu vegabréfi frá Gana nr. [...] ánöfnuðu honum sjálfum. Er brotið í ákæru talið varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ágreiningslaust er að ákærði framvísaði umræddu vegabréfi við lögreglu á þeim stað og þeim tíma sem í ákæru greinir og því ekki mótmælt af hans hálfu að það sé breytifalsað. Sýknukrafa ákærða er byggð á því að umrædd háttsemi hans sé hvorki saknæm né refsínæm. Samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skuli hver sá, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, sæta fangelsi allt að 8 árum. Ákærði hafi hvorki notað umrætt vegabréf til þess að blekkja með því, enda sé það ánafnað honum og allar upplýsingar um hann í vegabréfinu réttar, né heldur hafi hann notað það í lögskiptum í skilningi ákvæðisins. Þá hafi hann samhliða framvísað gildu dvalarleyfi á Spáni sem teljist fullgilt ferðaskilríki. Sú háttsemi sem honum sé gefin að sök sé aukinheldur ekki í samræmi við verknaðarlýsingu umrædds refsíákvæðis.

Með framlagðri skýrslu A skilríkjafræðings um rannsókn á ganversku vegabréfi, dagsettri 14. janúar 2024, og vitnisburði hans fyrir dómi þykir sannað að vegabréf það

sem ákærði framvísaði umrætt sinn er breytifalsað. Líkt og rakið er í kafla II hér að framan bar ákærði fyrir dómi að vinur hans hefði útvegað honum umrætt vegabréf gegn greiðslu á 200 evrum. Að mati dómsins er framburður ákærða um að hann hafi ekki vitað að það væri falsað því verulega ótrúverðugur enda ber framburður hans að öðru leyti með sér að honum hafi verið vel kunnugt um hvernig honum bæri að afla sér vegabréfs á löglegan hátt. Vegabréf eru opinber skilríki sem miklu skiptir að treysta megi í samskiptum manna og þjóða. Með því að framvísa umræddu vegabréfi sem gildu ferðaskilríki við lögreglu notaði ákærði það til að blekkja með því í lögskiptum óháð því hvort það var ánafnað honum sjálfum og upplýsingar um hann í því réttar og óháð því hvort hann framvísaði samhliða öðrum skilríkjum. Verður ákærði því sakfelldur fyrir það brot sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er í samræmi við áralanga dómaframkvæmd rétt heimfært til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur [...]. Sakavottorð ákærða, sem er ríkisborgari [...], liggur ekki frammi í málinu. Engin gögn liggja því fyrir um að ákærði hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Að því gættu og með vísan til 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og fastmótaðrar dómvenju þykir refsing ákærða rétt ákveðin fangelsi í 30 daga.

Samkvæmt greindum málsúrslitum verður ákærði í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, sbr. a-lið 1. mgr. 233. gr. sömu laga. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu viðkomandi lögmanns þykja málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sunnu Lindar Höskuldsdóttur lögmanns, hæfilega ákveðin 837.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki leiddi annan sakarkostnað af málinu.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu hans var fyrir mæla 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 gætt.

Dómsorð:

Ákærði, Eric Asamoah, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sunnu Lindar Höskuldsdóttur, 837.000 krónur.

Hulda Árnadóttir